

Pöggun og upplýsingaóreiða stjórnvalda


Glundroði

Kári skrifar

16. ágúst 2024



Til að slóðir virki, veljið „Presentation“ / „Full screen“



Mynd: Stefna stjórnvalda í málefnum hælisleitenda

Embættismenn áminntir fyrir að segja sannleikann

Þöggun og upplýsingaóreiða stjórnvalda á Íslandi eru furðuleg fyrirbæri. Það kemur vel í ljós í tengslum við afar neikvæðar afleiðingar innflutnings á ofbeldi frá fjarlægum ríkjum. Sumir eru þó enn í afneitun og segja engan vanda fyrir dyrum. „Góða fólkið“ á Íslandi gagnrýnir nú samviskusaman embættismann, vararíkis-saksóknarann Helga Magnús Gunnarsson, fyrir það eitt að segja sannleikann. Hefur saksóknarinn m.a. skýrt frá hótunum sem hann hefur legið undir árum saman frá innfluttum glæpamanni sem fékk „alþjóðlega vernd“ á Íslandi. Ekki hefur komið fram hvort glæpamaðurinn er fylgismaður Sharia-laga^a en það verður þó að teljast líklegt. Málið allt er skýrt dæmi um innflutning ofbeldis og félagslegra vandamála.

^aSjá einnig: Black, A. (2010). Legal recognition of Sharia law: Is this the right direction for Australian family matters? *Family Matters*, 84, 64-67.

<https://aifs.gov.au/research/family-matters/no-84/legal-recognition-sharia-law>

Að fylgja yfirþjóðlegu valdi í blindni

Margir eru hugsí yfir ástæðum fyrir stjórnlausum innflutningi fólks til Íslands og annara ríkja. Það sem einkennir þetta ástand er að almenningur sem er innfæddur, og býr í viðkomandi ríkjum, er ekki spurður álits á því hvort hann sé samþykkur fjöldainnflutningi á fólki frá öðrum menningarheimum. Stjórnámálamenn sem tala manna mest um nauðsyn samstöðu og einingar gera sjálfir allt þveröfugt. Þeir leggja áherslu á „fjölmenningu“ sem í raun merkir algeran glundroða, upplausn og illdeilur. Ef samstaða á að geta ríkt í samfélagi þarf að vera allgóð eining um ákveðna þætti. Þeir felast m.a. í trúarbrögðum, sögu og stjórnskipun. Sameinuðu þjóðirnar, sem upphaflega var ætlað að stuðla að einingu meðal þjóða, hafa nú forystu um glundroða og upplausn samfélaga.

Félagsleg vandamál flutt til annara ríkja

Eitt af því sem einkennir nútímann er hvernig vandamálum ríkja er velt yfir á önnur ríki. Ísland var reist úr örbirgð til bjargálna á til-
tölulega skömmum tíma eftir að fullveldi og sjálfstæði náðist. Þar
skipaði skynsamleg auðlindanýting stóran sess. Innanlands eru þó
félagsleg vandamál sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi. En í stað
þess að beita sér af alefli við lausn vandamálanna er aukið við
þau og bætt í. Sumir stjórnámálamenn virðast þeirrar skoðunar að
Íslendingar verði að finna vel á eigin skinni hvernig vandamál millj-
ónapjóða eru í raun og veru. Ef vandamálin eru ekki til staðar á
Íslandi (að minnsta kosti í litlum mæli) skulu þau flutt inn í þúsunda-
tali. Er þá fátt undanskilið.

Innflutningur glæpamanna

Árið 2023 var Ísland í 171. sæti yfir ríki heims á skala glæpatíðni. Það merkir að í 22 ríkjum var lægri tíðni glæpa en á Íslandi.⁽¹⁾ Hafa þarf í huga að í **Þöggunarþjóðfélagi** er tilhneiging til þess að draga úr alvarleika afbrota. Það kann að hafa áhrif á skráningu brotanna. Til Íslands eru fluttir glæpamenn (og margir þjóða sér sjálfir) (sem ekki hika við að beita skotvopnum), vændiskonur frá Afríku^a og víðar, eiturlyfjasmyglarar og dópsalar, þjófar, ofbeldismenn, hórmangarar og fólk sem „veit ekki“ hvaðan það kemur (og eyðileggur skilríki sín). Að mati sumra stjórnámálamanna verður Ísland að fá sinn skerf af þessu fólk, vænan skerf, enda komast íslenskir glæpamenn ekki í hálfkvisti við þá erlendu, hvorki að fjölda né fjölbreytileika. Við það varð ekki búið og úr því varð að bæta. Þingmenn og ráðherrar Vg hafa þar sannarlega lagt sitt af mörkum til að bæta úr - beitt sér fyrir opnun landamæra - upp á gátt. Allir eru velkomnir og allir eiga jú sama rétt, óháð þjóðerni.

^aSjá einnig: Tricked, trafficked and sold...

Ferðast án skilríkja

Það vekur athygli hversu stór hluti þeirra sem leitar hælis í öðrum ríkjum er án ferðaskilríkja. Sem dæmi má nefna að **tæplega 40 prósent fólks sem leitaði hælis á Írlandi árið 2022 komu í gegnum Dublin flugvöll án ferðaskilríkja**. Ferðaskilríki eru nauðsynleg til að komast um borð í millilandaflug, sem bendir til þess að fjöldi fólks „týni“ eða eyðileggi vegabréf sín áður en það kemst í innflytjendaeftirlit í Dublin. Á milli janúar og júlí flugu 2.915 manns inn á flugvöllinn í Dublin og framvísuðu ekki ferðaskilríkjum til landamæraeftirlitsmanna, sem þýðir að þeim var synjað um leyfi til komu. Þar af sóttu 2.232, eða 77 prósent, síðan um hæli, samkvæmt skráum sem afhentar voru í krafti upplýsingalaga (FOI), sem merkir að þeim var leyft að dvelja áfram þar til kröfur þeirra voru metnar.(2)

Home Office í Bretlandi



Rannsóknir og tölfræði

Alltaf þarf að hafa hugfast að enginn fæðist glæpamaður. Fólk hefur mismunandi góð spil á hendi. Þegar venjubundnar þjargir fást ekki ýtir það undir hættu á því að gripið sé til annara og verri ráða. En hvort sem ástæður glæpa má rekja til skorts á aðlögun að nýju samfélagi, eða annara félagslegra þátta, þá breytir það ekki útkomunni eftir að fólk hefur leiðst inn á glæpabrautina. Afleiðingarnar eru þá eitthvað sem viðkomandi samfélag situr uppi með, nema vandinn sé fluttur til annara landa. Abedin et al. rannsökuðu tengsl glæpa við straum flóttamanna í Bandaríkjunum. Höfundar halda því fram að fyrsta marktæka fækkun glæpa í Bandaríkjunum hafi átt sér stað fyrir tíunda áratuginn - frá 1980 til 1984 - á tímabili þar sem greinilegur samdráttur varð í flóttamannastraumi eftir setningu flóttamannalaganna (Refugee Act^a) frá 1980.(3)

^aSjá einnig: <https://www.congress.gov/bill/96th-congress/senate-bill/643/text>

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Sharia-lög hafa komið til kasta Mannréttindadómstóls Evrópu. Hann viðurkennir almennt fjölhyggju (pluralism) við túlkun sína á mannréttindasáttmálanum. Dómstóllinn hefur hins vegar líka lagt áherslu á það að ákvæði Sharia-laga samræmist reglum lýðræðis og mannréttinda. Í málinu *Refah Partisi (the Welfare Party) and Others v. Turkey* taldi dómstóllinn að Sharia-lög væru ósamrýmanleg grundvallarreglum lýðræðis. En í málinu *Molla Sali v. Greece* gagnrýndi dómstóllinn hins vegar ekki Sharia-lög beint en mælti gegn skyldubeitingu þeirra því lögin fælu í sér mismunun. Víða er rætt um að banna samhliða Sharia lögsögu.^a Þar eru margvísleg lagaleg og mannréttindaleg áhrif til skoðunar. Mannréttindadómstóllinn hefur ekki beinlínis lagt til bann við Sharia-lögum en hefur lagt áherslu á að öll beiting Sharia verði að vera í samræmi við Mannréttindasáttmála Evrópu.(4)

^aParallel Sharia jurisdictions

Minnimáttarkennd erlendis

Íslenskir stjórnámálamenn skammast sín fyrir það á erlendum vettvangi að viðurkenna hversu fá morð eru framin á Ísland og geta ekki sagt frá því kinnroðalaust. En nú stendur það allt til bóta. Þegar ekki má kanna bakgrunn fólks eða gera því að sanna deili á sér (eins og gildir þó um fólk almennt) geta hættulegir glæpamenn auðveldlega flutt til Íslands, í boði Vg., og tekið þar til óspilltra mála. Aðrir flokkar, s.s. píratar og Samfylking, eru í meginatriðum sammála stefnu Vg að þessu leyti. Glæpamenn hafa jú mannréttindi og þau má ekki undir nokkrum kringumstæðum skerða. Erlendum glæpamönnum ber engin skylda til þess að tilkynna íslenskum yfirvöldum um feril sinn á glæpabrautinni og ólíkt væri það íslenskri gestrisni að spyrja um slíkt.

Fáir njóta eldanna...

Það má ekki líðast að þjóðin sjálf, íslenska þjóðin, fái notið árangurs erfiðis síns í friði fyrir vandamálum annara ríkja. Hið góða kemur ævinlega erlendis frá. Norðmenn kenndu t.a.m. Íslendingum að veiða og verka síld. Erlendar glæpaklíkur geta á sama hátt kennt íslenskum glæpamönnum að fremja glæpi að hætti atvinnumanna. Það eykur fjölbreytileika og mannauð. Glæpamenn eiga sama rétt og aðrir að finna hæfileikum sínum farveg í öðrum ríkjum. Það veit góða fólkið í Vg og býður glæpamenn velkomna eins og aðra. Íslendingar geta ekki skilið vandamál annara ríkja nema þau verði flutt til Íslands og landsmenn gerðir að þolendum. Þess vegna er þetta göfug stefna sem rekin er og miðar að því að fólk geti sett sig í spor annara.

Stofnanir Sameinuðu þjóðanna

Það eru einkum tvær stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem fást við fólksflutninga, flóttamenn og hælisleitendur. Þær eru annars vegar Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna **UNHCR** og hins vegar Alþjóða fólksflutningastofnunin (**IOM**) (5) Fullyrða má að margir séu ósammála texta á heimasíðu síðarnefndu stofnunarinnar. Þar segir efnislega að fólksflutningar hafi löngum gagnast milljónum manna, veitt fólki tækifæri og auðgað líf þess. Beinlínis er sagt að að gagnrýni og neikvæðar fréttir af málaflokknum byggist á hatri og sundrunu.

Stofnanir Sameinuðu Þjóðanna frh


Því er þó einmitt öfugt farið enda hlutum snúið á haus þarna. Staðreyndin er sú að meint „hatur“ og „sundrung“ eru afleiðingar óábyrgrar stefnu stjórnvalda og stofnana Sameinuðu þjóðanna, að ekki sé minnst á stefnu ESB í málaflokknum. Þegar vaðið er yfir fólk með frekjur og ofbeldi kallar það yfirleitt á viðbrögð. Sé fólk ósátt við eitthvað dugar skammt þótt stjórnvöld segi ósættið vera misskilning. Það þarf að hlusta eftir vilja kjósenda og framkvæma í samræmi við hann. Til þess að einhver geti flutt eitthvert, t.d. til annars lands, þurfa aðstæður þar að vera þannig að viðkomandi eigi sér framtíð. Almennt gildir að menn bjóða sér ekki sjálfir til lengri eða skemmri dvalar, enda þótt þeir geti leitað eftir slíkri dvöl.

Stofnanir Sameinuðu þjóðanna frh

Það hlýtur ævinlega að velta á viðbrögðum í gistiríkinu hvort dvalarleyfi fæst. Af því sést einnig hversu fráleit sú hugmynd er menn taki trúarbrögð sín með sér og alla siði heimaríkis.^a Ef það er ætlunin er þá ekki verr af stað farið en heima setið? Áróðurinn frá Sameinuðu þjóðunum og stjórnvöldum einstakra ríkja er hins vegar sá að íbúum sem fyrir eru í ríkjunum komi það ekkert við þótt aðrir flytji þangað þúsundum saman. Væri sama fólk, sem þannig talar, tilbúið til þess að hýsa þúsundir gesta í sínum eigin hýbýlum? Er það þannig að allir sem leita eftir gistingu hjá „góða fólkinu“ séu velkomnir? Friðhelgi einkalífs er þá líklega ekkert vandamál heldur eða hvað?

^aOg öfugsnúið er trúfrelsið ef það leiðir til þess að ekki megi kenna kristinfræði í skólum á Íslandi.

Fjöldi þeirra sem sóttu um hæli í fyrsta skipti í ESB-ríkjum 2008-2023



eurostat

Mynd: Myndin er fengin af heimasíðu Eurostat

Íslenskt útigangsfólk

Fjöldi útigangsmanna og kvenna í Reykjavík er að minnsta kosti talinn í tugum ef ekki hundruðum. Það verður að teljast merkilegt í ljósi alls þess fjölda af „góðu fólki“ sem alltaf er tilbúið að rétta öðrum hjálparhönd. Mögulega væri það lausn, fyrir allt þetta ágæta fólk sem á hvergi höfði sínu að halla (sem er afar sorglegt), að flytja til annara landa, með aðstoð þeirra sem vilja opin landamæri, en flytja síðan aftur til Íslands og þá sem hælisleitendur. Í millitíðinni gæti það skipt um nafn. Þá er líklegt að íslenska valdaklíkan muni umvefja það ljósi og kærleika, bjóða því húsnaði, og gera því kleift að lifa mannsæmandi lífi.

Mannfjöldapróun

Það eru ekki einungis stríðsátök og vopnaskak sem valda því að fólk flosnar upp og lendir á vergang. Óhæfir stjórnámamenn eiga þar einnig hlut að máli. Fólk flýr lélega efnahagsstjórn. Til lengri tíma horft er þó annað atriði sem skoða þarf vandlega í þessu sambandi og það er mannfjöldapróun (demography). Þar hallar mjög á Vesturlönd hvað snertir barneignir og viðhald þjóðfélaga. Sumir kenna um auknum áhrifum femínisma þar sem áhersla er lögð á jafnrétti kynjanna (hversu mörg sem þau eru orðin) í allri þjóðfélagslegri þátttöku. Það er sjálfstætt rannsóknarefni að kanna þátt femínisma í færri barneignum í vestrænum ríkjum. Hitt blasir við að sé það svo að femínismi leiki þar stórt hlutverk virðast afleiðingarnar verða þær að femínisminn útrými sjálfum sér.

Mannfjöldapróun frh

Ekki vegna þess að öll markmið femínismans hafi náðst fram heldur fremur vegna hins að það sem við tekur leyfir ekki femínisma. Íslam og femínismi eru ósamrýmanlegar andstæður. Íslam byggir á karlaveldi og það mun sterkara en nokkurt karlaveldi „hvíttra, miðaldra, karlmanna“ hefur nokkurn tíma verið. Í stað „jafnréttis kynjanna“ kann því að koma alræði Íslam þar sem „restinni af íslenskum konum“ verður gert að ganga með blæju og klæðast búrkum.^a Þar með leysast líka sjálfkrafa áralangar deilur um breytingar á íslensku stjórnarskránni og ágreiningur um réttindi minnihlutahópa. Íslam mun leysa þessi vandamál öllsömul. Fyrirmyndir má t.d. sjá í Afghanistan og Íran.

^aSjá enn fremur: Steggerda, C. (2018). Sharia Law in U.S. Courts: A Necessary Measure to Protect Muslim Women. *Drake Law Review*, 66(4), 1-30. Retrieved from <https://drakelawreview.org/wp-content/uploads/2018/09/steggerda-corey-final.pdf>

Mannfjöldapróun - Tölfræði Eurostat

Árið 2022 fæddust 3,88 milljónir barna í ríkjum ESB, sem er fækkun úr 4,09 milljónum árið 2021. Börnum sem fæðast innan ESB hefur fækkað frá árinu 2008 þegar 4,68 milljónir barna fæddust. Heildarfrjósemi árið 2022 var 1,46 lifandi fædd börn á hverja konu innan ESB, sem er enn ein lækkunin, eftir litla aukningu sem mældist árið 2021 (heildarfrjósemi var 1,53 árið 2021 og 1,51 árið 2020). Þessar upplýsingar koma úr gögnum um frjósemi sem Eurostat birti þann 7. mars á þessu ári. Árið 2022 var mesta heildarfrjósemin innan ESB í Frakklandi (1,79 lifandi fædd börn á hverja konu), í Rúmeníu (1,71), Búlgaríu (1,65) og Tékklandi (1,64). Aftur á móti var lægsta frjósemishlutfallið á Möltu (1,08 fæðingar á konu), Spáni (1,16) og Ítalíu (1,24).⁽⁶⁾


Fæðingartíðni á Íslandi

Fram kemur á heimasíðu Hagstofu Íslands að: „Fjöldi lifandi fæddra barna á Íslandi árið 2023 var 4.315 sem er fækkun frá árinu 2022 þegar 4.382 börn fæddust. Alls fæddust 2.257 drengir og 2.058 stúlkur en það jafngildir 1.097 drengjum á móti hverjum 1.000 stúlkum. Helsti mælikvarði á frjósemi er fjöldi lifandi fæddra barna á ævi hveurrar konu. Yfirleitt er miðað við að frjósemi þurfi að vera um 2,1 barn til að viðhalda mannfjölda til lengri tíma lítið. Árið 2023 var frjósemi íslenskra kvenna 1,59 og hefur hún aldrei verið minni frá því að mælingar hófust árið 1853. Árið 2022 var frjósemi 1,67 en það er næst minnsta frjósemi sem mælst hefur hér á landi. Frjósemi hefur ekki farið upp fyrir 2,0 hér á landi síðan árið 2012 þegar hún var 2,1.“ (7)

Fæðingartíðni á Íslandi 1950-2023

Frjósemi

Lifandi fædd börn á ævi hverrar konu



Fæðingartíðni í ríkjum múslima

Á heimasíðu Alþjóðabankans má finna tölfræði um fæðingartíðni í ýmsum ríkjum múslima. Ef tekið er mið af árinu 2022 sést t.d. að í Alsír er tíðnin 2.8 börn á hverja konu, í Barein 1.8, Egyptalandi 2.9, Írak 3.4, Jórdaníu 2.8, Saudi Arabíu 2.4, Sómalíu 6.2, í Sameinuðu arabísku furstadaemunum 1.4, og í Súdan 4.4 fædd börn á hverja konu. Meðaltalið árið 2022 í ríkjum múslima var 3.1 barn á hverja konu. Það sem vekur athygli í þessum gögnum er samt sem áður mjög lækkuð fæðingartíðni barna í ríkjum múslima frá árinu 1960 til 2022 eða frá því að vera 6.9 börn á hverja konu árið 1960 niður í 3.1 barn á hverja konu árið 2022.(8)

Fæðingartíðni í ríkjum múslima 1960-2022

$$\begin{aligned}\text{Prósentubreyting} &= \left(\frac{3.1 - 6.9}{6.9} \right) \times 100 \\ &= \left(\frac{-3.8}{6.9} \right) \times 100 \\ &\approx -55.07\%\end{aligned}$$

Hvers vegna taka ríki við flóttamönnum?

Þann 26. nóvember árið 2021 birtist áhugaverð grein í *Journal of Ethnic and Migration Studies*. Greinin nefnist: **Why do states admit refugees? A comparative analysis of resettlement policies in OECD countries**. Þar kemur fram að mörg lönd hafa hert hælisstefnu og landamæraeftirlit til að fæla frá hælisleitendur, en samt er þversagnakennd aukning í áætlunum um búsetu flóttamanna í OECD-ríkjum. Búsetuheimild felst í því að flytja flóttamenn til öruggs þriðja ríkis og veita þeim fasta búsetu. Í greininni er komist að þeirri niðurstöðu að þótt sjá megji vaxandi búsetu flóttamanna meðal OECD-ríkja, þá sé sú þróun ekki endilega til marks um viðtækari skuldbindingar um mannúðarvernd (hvað býr þá að baki?). „Endurbúseta“ geti þjónað sem „fjarvist frá mannúð“ (þ.e. „skálkaskjól“ fyrir ráðamenn) sem gerir stjórnvöldum kleift að takast á við togstreitu vegna þrýstings almennings um takmarkandi innflytjendastefnu og nauðsyn þess að standa við mannúðarskyldur.(9)

Hvers vegna taka ríki við flóttamönnum? frh

Höfundar gera greinarmun á framboðspáttum (t.d. auði og getu lands til þess að taka við flóttamönnum) og eftirspurnarþáttum (t.d. mannúðarþörfum). Þeir halda því fram að búsetustefna séu oft notuð skipulega af hálfu ríkja til þess að viðhalda trúverðugleika á sviði mannúðar en jafnframt til þess að takmarka aðgang hælisleitenda.(9) Gera þarf skýran greinarmun á **innflytjendum** (t.d. í gegnum EES), **flóttamönnum**, og síðan **hælisleitendum**. Þessir þrír hópar eru um margt gerólíkir og koma til ríkja á ólíkum forsendum. Fólk sem skiptir um búsetu, eða stundar atvinnu í öðrum ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu, gerir það í krafti samninga, gagnkvæmra samninga ríkja innan EES. Um flóttamenn gilda vissulega alþjóðasamningar, Sameinuðu þjóðanna, en réttarstaðan er gerólík og aðstæður allar. Sama gildir um hælisleitendur.

Hvers vegna taka ríki við flóttamönnum? frh

Í þjóðfélagsumræðu á Íslandi og erlendis má greina nokkur atriði sem skýrt geta vilja innan ríkja til þess að taka við flóttamönnum, með réttu eða röngu.

- 1 Mannúðarskyldur. Mörg ríki hafa tekið á sig lagalegar skyldur til þess að vernda einstaklinga sem eru ofsóttir, verða fyrir ofbeldi, eða þurfa að flýja hamfarir. Þarna má t.d. nefna Alþjóðlega samninga, eins og flóttamannasamninginn frá 1951, sem skuldbindur ríki til að veita þeim hæli sem á því þurfa að halda.
- 2 Efnahagslegt framlag. Innflytjendur geta fyllt skort á vinnuafli, stuðlað að hagvexti og hjálpað til við að viðhalda opinberri þjónustu. Þeir taka oft að sér störf sem erfitt er að manna og leggja sitt af mörkum í störfum atvinnulífsins.

Hvers vegna taka ríki við flóttamönnum? frh

Þá má nefna eftirfarandi atriði:

- 1 Lýðfræðilegar þarfir. Í mörgum þróuðum löndum, sem standa frammi fyrir öldrun íbúa og lækkandi fæðingartíðni, geta innflytjendur hjálpað til við að koma jafnvægi á lýðfræðina með því að útvega yngra vinnuafli.
- 2 Pólítískir og stefnumótandi hagsmunir. Sum ríki taka við innflytjendum og flóttamönnum til þess að styrkja diplómátsk tengsl, uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar eða efla stöðu sína á heimsvísu.

Hvers vegna taka ríki við flóttamönnum? frh

Fleira kemur til álita:

- 6 Félagslegur og samfélagslegur stuðningur. Mörg samfélög hafa stofnað tengslanet sem styðja nýbúa, sem auðveldar ríkjum að samþætta innflytjendur og flóttamenn.
- 6 „Menningarleg fjölbreytni.“ Innflytjendur og flóttamenn geta auðgað menningarlegt samfélag, komið með ný sjónarhorn, hefðir og nýjungar. Þessi fjölbreytni getur aukið félagslega samheldni og sköpunargáfu. Getur þó líka leitt til upplausnar, glundroða og átaka.

Framfið íslenskunnar

Eitt af því sem skilgreinir þjóð er móðurmálið. Það og stjórnlaus alþjóðavæðing eru andstæður. Svo virðist sem lítil eða engin áhersla sé lögð á það að kenna útlendingum íslensku. Oft er það ekki vegna áhugaleysis viðkomandi nýbúa heldur vegna áhugalessis yfirvalda og jafnvel atvinnurekenda. Fari fram sem horfir fækkar þeim sífellt sem nota íslensku til tjáskipta, samskipta og sköpunar. Það er veruleg afturför. Sá eða sú sem lærir ekki vel sitt eigið móðurmál er ekki frekar fær um að læra erlend tungumál. Glundroðinn sem fylgir „fjölmeningunni“ sést vel í skólum landsins. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar er því lýst sem sérstöku áncægju efni að 109 tungumál séu töluð í skólum á Íslandi. Þá er líklega ekki horft á málið t.d. út frá hagsmunum og stöðu kennara. (10)

Átta gerðir sannleikans

Í þjóðfélagsumræðu, heima og heiman, er oft farið frjállega með sannleikshugtakið. Þessa verður vart í umfjöllun á vegum stjórnvalda t.d. um málefni hælisleitenda, s.s. kostnað vegna þeirra, bólusetningar og meint verndandi áhrif bólusetninganna (sbr. t.d. Covid-19).^a Þar hafa stjórnvöld sinn eigin sannleika sem opinbera áróðursveitan, RUV, hamrar síðan á. Nokkrar kenningar hafa komið fram um sannleikann, innan heimspeki, og hvað hann sé.

- 1 Samsvörunarkenningin: Þeir sem aðhyllast þessa kenningu halda því fram að sannleikur sé spurning um það hvernig staðhæfingar samsvara heiminum. Fullyrðing er sönn ef hún lýsir nákvæmlega staðreynd eða stöðu mála.

^aUm suma íslenska stjórnámálamenn gildir það sama og segir í sögunni Úlfur, úlfur: „Enginn trúir lygara, jafnvel þó hann segi sannleikann.“

Átta gerðir sannleikans frh

- 2 Samhengiskenningin: Samkvæmt þessari kenningu ræðst sannleikurinn af samhengi ákveðinna viðhorfa eða fullyrðinga. Það sem er trúað er satt ef það passar vel inn í stærra, samræmt kerfi.
- 3 Raunsæiskenningin: Þessi kenning gengur út frá því að sannleikurinn tengist hagnýtum afleiðingum þess sem er trúað. Fullyrðing er sönn ef hún er gagnleg eða virkar í reynd.
- 4 Sannleikur sem staðfesting: Þá er því haldið fram að sannleikshugtakið sé ekki sjálfstæður eiginleiki. Að fullyrða að fullyrðing sé sönn jafngildi fullyrðingu um fullyrðinguna sjálfa (t.d. „Það er satt að snjór er hvítur“ jafngildi því að segja „Snjór er hvítur“).

Átta gerðir sannleikans frh

- 5 Merkingarfræði: Þessi kenning beinist að merkingu sannleikans í tengslum við tungumál og merkingarfræði. Það felur oft í sér greiningu á sannleiksskilyrðum fyrir setningum.
- 6 Kenning um hugsmíð: Þar er gengið út frá því að sannleikurinn sé smíðaður af félagslegum ferlum, sögulegu samhengi og menningarlegum viðmiðum, frekar en að vera hlutlægur veruleiki.
- 7 Afstæðiskenning: Innan afstæðishyggju er því haldið fram að sannleikurinn geti verið breytilegur miðað við mismunandi skipulag, sjónarhorn eða samhengi. Það sem er satt fyrir eina manneskju eða menningu sé mögulega ekki satt fyrir aðra.
- 8 Fjölhyggjukenning: Samkvæmt þessari kenningu eru margar leiðir til að skilja sannleikann og mismunandi samhengi gæti krafist mismunandi sannleikskenninga.

Að lokum

Í þessari grein hefur verið fjallað um þöggun og upplýsingaóreiðu stjórnvalda á Íslandi, sérstaklega í tengslum við innflutning ofbeldis og félagslegra vandamála. Rætt hefur verið um það hvernig embættismenn, eins og vararíkissaksóknarinn Helgi Magnús Gunnarsson, hafa sætt gagnrýni fyrir að segja sannleikann um alvarlegar hótanir sem hann hefur orðið fyrir og afbrot sem tengjast innfluttum einstaklingum. Þegar bakgrunnur fólks er ekki vandlega kannaður, með öllum þeim aðferðum sem gagnast mega og lögmaetar teljast, er sú hættualltaf fyrir hendi að hættulegir glæpamenn flytjist til landsins og fá jafnvel „alþjóðlega vernd“. Hitt er síðan annað mál hvaða stefna er rekin í út-lendingamálum á Íslandi og hvað þar býr að baki.

Að lokum frh

Opinber þöggun á Ísland felst fyrst og fremst í því að stjórnvöld leyndu upplýsingum fyrir almenningi. Þar leikur áróðursveitan, RUV, stórt hlutverk. Ef atburður hefur enga þýðingu fyrir almenning er rætt um hann dögum og vikum saman í nefndum fjölmiðli. En á sama tíma er ekkert rætt um það sem skiptir þjóðina gríðarlegu máli, s.s. orkumálin og útlendingamálin, nema þá helst til að fordæma gagnrýni annara. Allt felur þetta í sér þöggun og tilraun til þöggunar. Við það má raunar bæta gagnrýnisleysi hvað snertir Covid-bólusetningar og **alþjóðaheilbrigðisreglugerð alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar**. Upplýsingaóreiða stjórnvalda felst hinsvegar í því að segja helst aldeil nema hálfan sannleikann, sýna aldrei heildarmyndina, heldur bera upplýsingar fram í brotum og slíta hluti úr samhengi. Þar eru enn og aftur orku- og útlendingamálin gott dæmi.

Að lokum frh

Lækkandi fæðingartíðni er að sjálfsögðu ekki afsökun fyrir stjórnláusum innflutningi á fólki. Engu að síður er samband þarna á milli. Lækkandi fæðingartíðni er stundum notuð sem afsökun fyrir innflutningnum. Sharia-lög eru víða til umræðu, ekki síst í nágrannaríkjum. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt áherslu á að Sharia-lög verði að samræmast reglum lýðræðis og mannréttinda. Þó að Ísland sé í góðri stöðu hvað varðar glæpatíðni, er áhyggjuefni að innflutningur á glæpamönnum og félagslegum vandamálum aukist, sem aftur hefur neikvæð áhrif á samfélagið. Fylgja hefði átt fyrri stefnu, þar sem nýjir íbúar voru valdir úr hópi flóttamanna, af fulltrúum íslenskra yfirvalda.^a Um það ríkti allgóð sátt. Góðar stundir!

^aSjá t.d.: <https://www.althingi.is/alttext/125/04/r05143553.shtml>

Fjölmenning

*[Fjölmenning]
Fjölmenningar fögur orð,
feldur valdaklíku.
Fleiri rán og fleiri morð,
fylgja kunna slíku.*

Heimildaskrá I

1. Index, G. O. C. **Criminality in Iceland - The Organized Crime Index.** <https://ocindex.net/country/iceland> (2024).
2. Gallagher, C. **Thousands of passengers destroy or lose passports before arrival at Dublin Airport.** <https://www.irishtimes.com/ireland/2022/10/06/thousands-of-passengers-destroy-or-lose-passports-before-arrival-at-dublin-airport/> (2023).
3. Thasinul Abedin, M., Mitra, R. & Sen, K. K. Does Refugee Inflow Increase Crime Rates in the United States? *Social Indicators Research* **164**. Accepted: 10 August 2022; Published: 05 September 2022; Issue Date: December 2022, 1379–1401 (sep. 2022).

Heimildaskrá II

4. Puppinck, G. Sharia: What emerges from the Molla Sali v. Greece Judgment. *European Centre for Law and Justice*. <https://eclj.org/religious-autonomy/echr/charia--ce-que-rvle-la-dcision-de-la-cedh?lng=en> (2018).
5. International Organization for Migration. **World Migration Report 2024 - Chapter 1: Migration Continues to Be Part of the Solution for Many Economies, Societies, and Families Around the World**. Accessed: 2024-08-07. <https://worldmigrationreport.iom.int/what-we-do/world-migration-report-2024-chapter-1/migration-continues-be-part-solution-many-economies-societies-and-families-around-world>.

Heimildaskrá III

6. Eurostat. **How many children were born in the EU in 2022?**
Eurostat.
<https://ec.europa.eu/eurostat/web/products-eurostat-news/w/ddn-20240307-1> (2024).
7. Íslands, H. **Fæðingar 2023.** Aðgangsdagur: 16. ágúst 2024.
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/faedingar-2023/>.
8. **Fertility rate, total (births per woman) - Arab World | Data.**
https://data.worldbank.org/indicator/SP.DYN.TFRT.IN?end=2022&locations=1A&name_desc=false&start=1960&view=chart (2024).

Heimildaskrá IV

9. Lutz, P. & Portmann, L. Why do states admit refugees? A comparative analysis of resettlement policies in OECD countries. *Journal of Ethnic and Migration Studies* **48**, 2515–2539.
<https://doi.org/10.1080/1369183X.2021.1999222> (2021).
10. Ritstjórn. **Vaxandi tungumálaauður í skólum I Reykjavík.**
<https://reykjavik.is/frettir/vaxandi-tungumalaauður-i-skolum> (2024).